

Sjóstangaveiðimót Sjóis 2010

Aðalmót Sjóstangaveiðifélags Ísfirðinga var haldið föstudaginn 2. júlí og laugardaginn 3. júlí 2010 með 19 keppendum, 5 konum og 14 körlum, frá 5 félögum. Mótið er eitt af átta mótum á vegum Sjóls, Landssamtaka sjóstangaveiðifélaga, þar sem keppt er til Íslandsmeistarátignar í karla- og kvennaflokki og var mótið það fimmta í röðinni á árinu. Róið var frá Bolungarvík á sex bátum aðallega á veiðislóð undir Óshlíðinni, Skutulfirði, Ritnum, Teistunni og undan Vébjarnarnúpnum. Fyrri daginn var veitt frá kl. 6.00 til kl. 14.00 en seinni daginn frá kl. 6.00 til kl. 13.00. Alls veiddust 2.416 fiskar sem vógu 4.034 kg. eða 212 kg. að meðaltali á veiðistöngina. Ellefu tegundir veiddust; þorskur, ufsi, ýsa, karfi, steinbítur, sandkoli, lúða, lýsa, makrill, síld og marhnútur.

Tvö Sjóis tegundarmet voru slegin í mótinu. Makrill sem vóg 0,756 kg. veiðimaður Einar Þ. Pálsson, Sjóak og síld 0,355 kg. veiðimaður Róbert Gils Róbertsson, Sjóak.

Blönduð sveit frá Sjóak, Sjósigl og Sjósnæ sigraði í sveitarkeppni kvenna með 650 kg. Í karlaflokki sigraði sveit frá Sjóak með 1.119 kg. Í öðru sæti varð sveit frá Sjóis með 695 kg. og í þriðja sæti sveit frá Sjósigl með 623 kg.

Í einstaklingskeppni kvenna sigraði Guðrún Jóhannesdóttir, Sjóak með 282 kg. Í öðru sæti varð Svandís Stefánsdóttir, Sjóak með 185 kg. og í þriðja sæti Svala Júlía Ólafsdóttir, Sjósigl með 182 kg.

Í einstaklingskeppni karla sigraði Einar Þ. Pálsson, Sjóak með 449 kg. Í öðru sæti varð Baldvin S. Baldvinsson, Sjóak með 364 kg. og í þriðja sæti Róbert Gils Róbertsson, Sjóak með 305 kg.

Aflahæsti heimamaðurinn varð Þórir Sveinsson með 276 kg.

Auk verðlauna fyrir sigur í sveita- og einstaklingskeppni voru veitt verðlaun fyrir stærstu fiska einstakra tegunda, fyrir stærsta fisk mótsins, til aflahæsta heimamannsins og fyrir flestar veiddar tegundir. Aukaverðlaun voru veitt fyrir að slá út gildandi Sjóis-met.

Aflahæsti skipstjórinn varð Ketill Elíasson og áhöfn hans á Glað með 1.001 kg. eða 334 kg. að meðaltali á veiðistöngina. Í öðru sæti varð Gunnlaugur Gunnlaugsson og áhöfn hans á Jagger með 967 kg. eða 322 kg. að meðaltali á veiðistöngina. Í þriðja sæti varð Þorleifur Ingólfsson og áhöfn hans á Smára með 630 kg. eða 210 kg. að meðaltali á veiðistöngina.

Keppt var eftir “Reglum um sjóstangaveiði”, sem settar voru á aðalfundi Sjóls í Reykjavík 6. mars 2010. Mótsstig, bátastig og bónusstig voru reiknuð út samkvæmt stigagjöf Sjóls fyrir karla annars vegar og fyrir konur hins vegar. Lágmarkslengd þorsks var 45 cm. og ufsa 45 cm. en engar lágmarkslengdir giltu fyrir aðrar tegundir fiska. Ítarleg mótaskrá með öllum helstu upplýsingum um mótið var afhent keppendum á mótssætningu fimmtudaginn 1. júlí. Keppendur skiptu um báta eftir fyrri keppnisdag.

Skipstjórar bátana hjálpuðu keppendum að greiða úr flækjum, skera beitu, háfa og blóðga fiskinn. Trúnaðarmaður var á hverjum báti til að veita keppendum leiðbeiningar, útdeila nesti, útfylla aflaskýrslur, sjá um skiptingar á miðjum veiðitímanum og að tilkynna um lok veiðitímans báða dagana ásamt að fylgjast almennt með að allt færi rétt fram. Dómnefnd skipuð fulltrúum þriggja félaga starfaði og barst engin kæra til nefndarinnar. Bryggjustjóri var tengiliður á milli keppenda, báta og starfsfólks við mótið í landi. Aflinn var brúttóvigttaður áður en hann fór í hús en vigttað var á einum stað undir stjórnum vigtunarstjóra.

Slæmt veður setti svip sinn á mótið báða dagana, sem hafði áhrif á hvert bátarnir gátu siglt og þar með á veiðina. Á fimmtudag á mótssætningunni bauð félagið uppá súpu og brauð en á föstudaginn kjötsúpuna góðu og á laugardaginn fengu keppendur hressingu er í land var komið.

Mótið var sett fimmtudaginn 1. júlí í Einarshúsi, Bolungarvík en lokahófið var haldinn laugardaginn 3. júlí í veislusal Hótel Ísafirði.

Stjórn Sjóstangaveiðifélags Ísfirðinga vill þakka öllum sem tóku þátt eða komu að mótinu; keppendum, skipstjórum og aðstoðarmönnum þeirra, eigendum bátanna og starfsmönnum.